



Alþingi
Erindi nr. P 140/132
komudagur 14.11.2011

14. nóvember 2011
SI-79805

Nefndasvið Alþingis
nefundasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 4. nóvember 2011, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um, 16. mál, tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól íbúðalána og minna vægi verðtryggingar.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið „að sjá til þess að höfuðstóll íbúðalána heimilanna verði leiðréttur tafarlaust með því að færa vísitölu verðtryggingar til þess sem hún var fyrir hrun hagkerfisins og stöðu höfuðstóls. Miðað verði við að raunvextir á verðtryggðum lánnum verði að hámarki 2-3%.”

Seðlabankinn hefur ítrekað bent á mikilvægi endurskipulagningar skulda heimila vegna þess skuldavanda sem myndaðist eftir fall gömlu bankanna og samdráttar í þjóðarbúskapnum. Seðlabankinn telur að nýta eigi það svigrúm sem er til staðar til að lækka íbúðaskuldir heimila með markvissum hætti. Með hæfilegri lækkun skulda má aðstoða fjölskyldur sem eiga við verulegan vanda að etja vegna mikillar greiðslubyrði þannig að vandi þeirra verði viðráðanlegur.


Í þingsályktunartillögunni er meðal annars lagt til að höfuðstóll verðtryggðra íbúðaskulda allra heimila verði lækkaður um sem nemur hækkun lánskjaravísitölu frá því fyrir fall gömlu bankanna á árinu 2008. Almennar aðgerðir af þessu tagi eru hins vegar dýrar vegna þess að þær fela í sér mikla eftirgjöf skulda til heimila sem ekki eru í skuldavanda. Ítarlega er fjallað um afstöðu Seðlabankans til almennra aðgerða af þessu tagi í umsögn sem send var til Nefndasviðs Alþingis 20. nóvember 2009 (SI-56884).


Í greinargerð með frumvarpinu er ekki fjallað um áhrif tillagnanna á fjárhag Íbúðalánasjóðs og þar með á stöðu ríkissjóðs, sem býr við bága fjárhagsstöðu eins vel er kunnugt. Við lok síðasta árs námu verðtryggðar skuldir heimilanna hjá sjóðnum 653 ma.kr. Frá september 2008 til nóvember 2011 hefur vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkað um 23,6%. Því er ljóst að ríkissjóður yrði að leggja Íbúðlánasjóði til umtalsvert fé til viðbótar ef þessi leið yrði farin.

Að lokum er rétt að benda á að í greinargerð með tillögnum segir að „(v)extir Seðlabanka Íslands voru reiknaðir í stað fyrri vaxta og gengistryggingar“ á lán sem dæmd voru ólögleg. Þetta er algengur misskilningur. Þeir vextir sem hér um ræðir eru lægstu vextir banka og sparisjóða á hverjum tíma, en Seðlabanki Íslands safnar upplýsingum um þessa vexti og birtir upplýsingar um þá á vef bankans.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Ásgeir Danielsson
forstöðumaður